



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 16. mál

Visað er til tölvuskeytis Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 27. september 2019, þar sem Reykjavíkurborg er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um grunnskóla nr. 91/2008.

Með frumvarpinu er lagt til að gerð verði breyting á 1. mgr. 43. gr. b laga um grunnskóla með þeim hætti að framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla skuli nema að lágmarki 90% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands í stað 75% nú.

Vegna skóla með allt að 200 nemendur, skuli framlagið vera að lágmarki 85% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda í stað 70% nú.

Eftirfarandi er umsögn skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar:

Í Reykjavík eru starfandi sex sjálfstætt reknir grunnskólar með þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Auk þess er greitt framlag til fjögurra sjálfstætt rekinna grunnskóla í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

Ef miðað er við þann fjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna nú má gera ráð fyrir að kostnaðarauki Reykjavíkurborgar af breytingunni gæti numið allt að 258 milljónum króna á ársgrundvelli sem er verulegur kostnaðarauki fyrir Reykjavíkurborg. Augljóst er að slíkri lagabreytingu yrði að fylgja sérstakt framlag frá ríkisvaldinu til sveitarfélaga sem breyting hefur áhrif á til að mæta þessum kostnaðarauka.

Á það er bent að í greinargerð með frumvarpinu er ekki rökstutt hverjar eru forsendur tillögunnar út frá fjárhagslegum röksemdum. Ekki liggur fyrir hvort tilgreind aukning á framlagi sé nægjanleg eða óþörf eða hversu mikið tilkostnaður sveitarfélaganna sem málið varðar eykst.

Þá er vakin athygli á því að skoða þarf hvort miða eigi við meðaltalsrekstrarkostnað skóla á landinu öllu í stað þess að horfa til þeirra sveitarfélaga sem skólarnir starfa innan. Sjálfstætt reknir grunnskólar eru aðeins reknir í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Í þessu tilliti þarf jafnframt að horfa til þess hvernig Jöfnunarsjóður nýtir fjármagn frá Reykjavík og dreifir til annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til skólalahlds.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að óumdeilt sé að þeim mun lægri sem framlög eru með hverjum nemanda þeim mun meiri kostnaður falli á foreldra og þar af leiðandi verði sá kostnaður ríkari áhrifaþáttur við val á skóla en aðrir þættir sem slíkt val ætti með réttu að grundvallast á, svo sem hvaða úrræði henti þörfum barna hverju sinni.

Þrátt fyrir framangreint er ekki lagt til að sjálfstætt rekrum grunnskólum verði meinað að innheimta gjald af foreldrum eða settar takmarkanir á gjaldskrá þeirra.

Með vísan til skýrslu til mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 16. febrúar 2016, varðandi löggjöf um sjálfstætt rekna grunnskóla og tillögur til lagabreytinga er á það bent að þar er komist að þeirri niðurstöðu að hvorki skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum né grunnreglur stjórnarskrárinnar fela í sér skyldu til að leggja einkarekrum grunnskólum til fjármagn af opinberu fé. Skýrsluna má sjá hér:

<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/skyrsla-nefndar-um-endurskodun-loggjafar-um-sjalfstaett-starfandi-skola.pdf>


Vakin er athygli á að útgjöld sveitarfélaga vegna sjálfstætt rekinna grunnskóla hafa verið aukin með breytingum á lögum um grunnskóla þegar kemur að útreikningi framlags og lögbindingu frístundaheimila í grunnskólum án þess að þeim hafi verið bættur sá kostnaður. Árlegur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna framlags til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila þeirra er kr. 38.000.000.-

Rétt er að vekja athygli á að verulegur fastur kostnaður er við hverja starfstöð grunnskóla í hverfum borgarinnar. Sá kostnaður breytist ekki þó nemendur færast í sjálfstætt rekna grunnskóla.

Á það er bent að skv. 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 ber ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skuli fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Viðkomandi ráðherrar bera ábyrgð á því að slíkt mat fari fram. Má ljóst vera að breytingin ef af verður leiði til kostnaðarauka.

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið fer skóla- og frístundasvið fram á að metin verði fjárhagsleg áhrif af framangreindum breytingum á grunnskólalögum á fjárhag þeirra sveitarfélaga sem um ræðir. Samhliða því verði metið það ákvæði grunnskólalaga að framlag skuli miðast við meðaltalskostnað allra sveitarfélaga á landinu í ljósi þess í hvaða sveitarfélögum sjálfstætt starfandi grunnskólar starfa.

Ef komist er að þeirri niðurstöðu að breytingin leiði til kostnaðarauka er gerð krafa um að sveitarfélögunum verði bættur sá kostnaður með sérstökum framlögum úr ríkissjóði.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs